

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

17. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILÍÐ 2022-2026

Árið 2023, Föstudaginn 8. desember 2023 kl. 8:30, var haldinn 17. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti, Dagbjört Hjaltadóttir, Jónas Ó. Skúlason, Eiríkur Valgeir Scott og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 17. fund sveitarstjórnar.
2. Umsagnarmál, fundargerðir o.fl.:
 - a. Fundargerð 37. fundar skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 6.12.2023. *Fundargerð staðfest samhljóða.*
 - b. Til umsagnar 73. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).
Lagt fram til kynningar en sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir.
 - c. Til umsagnar 402. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – (Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra).
Sveitarstjórn fagnar frumvarpinu og tekur undir mikilvægi þess.
 - d. Til umsagnar 468. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.).
Umsagnarfrestur liðinn 1. desember 2023.
Lagt fram til kynningar en sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir.
 - e. Til umsagnar 478. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – (Jöfnunarsjóður sveitarfélaga).
Umsagnarfrestur liðinn frá og með 30.11. 2023.
Súðavíkurhreppur hefur þegar lagt fram umsögn um frumvarpið.
 - f. Til umsagnar 497. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – (frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (reglugerðarheimildir)).
Lagt fram til kynningar en ekki gerðar athugasemdir.
 - g. Til umsagnar 509. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – (húsnæðisstefna fyrir árin 2024 – 2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028).
Súðavíkurhreppur mun taka fyrir sína áætlun á næstu vikum en gerir ekki athugasemd.
 - h. Tíðindi – 11. árg., 41. tbl. 2023: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
 - i. Tíðindi – 42. tbl. 2023: Samband íslenskra sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
 - j. Umsagnarbeiðni um mál nr. 0833/2023 í skipulagsgáttinni: Mjólka – stækkun virkjunar, afhending grænnar orku og ný bryggja.
Súðavíkurhreppur hefur tekið afstöðu á fundi skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 6. desember 2023.
 - k. Umsagnarbeiðni um mál 0835/2023 í skipulagsgáttinni: Mjólkárverkjun – Breyting á deiliskipulagi.
Súðavíkurhreppur hefur tekið afstöðu á fundi skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefndar dags. 6. desember 2023.

- l. Fundargerð 458. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands.
Lagt fram til kynningar.
 - m. Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
 - n. Fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
 - o. Fundargerð 939. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Lagt fram til kynningar.
 - p. Samráðsgátt stjórnvalda – FRN22060047 – Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks.
Súðavíkurhreppur fagnar því samráði sem er að baki og vonar að sú vinna skili sér.
 - q. Beiðni um framlag til svæðisskipulagsgerðar.
Sveitarstjórn samþykkir framlag og hlut Súðavíkurhrepps.
 - r. Erindi frá Píeta samtökunum.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið – styrkfjárhæð 200.000.-
 - s. Ósk um tilnefningu fulltrúa vegna samstarfs sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu.
Sveitarstjóri verður tengiliður vegna verkefnis um stafræna umbreytingu.
 - t. Erindi frá BS Vest – ósk um að uppgjör verði við áramót 2023/2024 – dags. 23.11.2023.
Samþykkt með því fororði að sveitarstjóra verður falið að fá gögn að baki uppgjóri.
 - u. Communication on the Vigur Island Research Campaign – kynning á niðurstöðum.
Lagt fram til kynningar – sveitarstjórn mun fylgjast með framvindu.
 - v. Erindi frá Jafnréttisstofu dags. 13.11.2023.
Lagt fram til kynningar.
3. Almenningsamgöngur.
*Mæting á fundinn – rætt og ákveðið að funda frekar um framhald og form samningsumleitana.
Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og fagnar framtakinu.*
 4. Álit sveitarfélaga undir 250 manns – Súðavíkurhreppur – umsögn og kynning.
Súðavíkurhreppur mun kynna álit og umsögn ráðuneytis á vordögum 2024 á íbúafundi með frekari kynningu á heimasíðu sveitarfélagsins.
 5. Erindi frá Anne Berit Vikse dags. 2.12.2023.
Erindi kynnt sveitarstjórn, sem mun taka afstöðu til þess á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar eftir að hafa kynnt sér það betur.
 6. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2024 – síðari umræða.
Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps samþykkt samhljóða. Niðurstaða A-hluta jákvæð um kr. -60.059.688.- en útkoma B-hluta neikvæð um kr. 15.015.556.- og niðurstaða samstæðu því jákvæð um 45.044.132.-
 7. Erindi frá Yordan Slavov Yordanov um leyfi frá störfum í sveitarstjórn og nefndum.
Sveitarstjórn veitir Yordan Slavov Yordanov frí um óákveðinn tíma frá störfum í sveitarstjórn og nefndum.

Fleira ekki gert.


Fundi slitið kl. 14:47



Bragi Þór Thoroddsen



Jónas Ó. Skúlason



Dagbjört Hjaltadóttir



Eiríkur Valgeir Scott



Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti